



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags 12. júní 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Skógarhlíð - breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmörkum deiliskipulagssvæðis er stækkuð til norðausturs til þess að ná utan um breytingar á lóðum í tengslum við uppbyggingu nýs göngu- og hjólastígs. Þá er lóðarmörkum breytt í samræmi við gildandi lóðaupprætti og mæliblöð. Jafnframt er bílastæðum fækkað á lóðum Skógarhlíðar nr. 24, 26 og 28 og fyrirkomulagi bílastæða á bílastæðalóð við enda Skógarhlíðar, austan við Skógarhlíð nr. 20, breytt og stæðum fjölgað, samkvæmt upprætti Arkþings Nordic, dags. 23. nóvember 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Þórður Már sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.


Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Loks er verið að klára samfelldan göngu- og hjólastíg eftir Skógarhlíð með tilfærslu bílastæða eftir að hafa náð samkomulagi við lóðarhafa. Þetta er mikilvægt og gott mál í þágu umferðar gangandi og hjólandi.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnslu og gæða

SKÓGARHLÍÐ

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040



Deiliskipulaga Skógarhlíðar fyrir breytingu, samþykkt 06.02.2020 - M 1:1000



Deiliskipulaga Skógarhlíðar eftir breytingu - M 1:1000



Upprunalegt deiliskipulag - M 1:2000
Samþykkt í Borgarráði 10. apríl 2001

Almennt:

Deiliskipulag fyrir Skógarhlíð var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 4. apríl 2001 og í borgarráði þann 10. apríl 2001.

Samþykktar breytingar á deiliskipulaginu:

- Breyting vegna Skógarhlíðar 14, samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 8. desember 2004.
- Breyting vegna Skógarhlíðar 18, samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 8. desember 2004.
- Breyting vegna Skógarhlíðar 14, samþykkt í skipulagsráði 12. apríl 2006.
- Breyting vegna Skógarhlíðar 20, samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 14. júní 2017.
- Breyting vegna Skógarhlíðar 22, samþykkt í Borgarráði 22. ágúst 2019.
- Breyting vegna Skógarhlíðar 14, samþykkt í skipulags- og samgönguráði 10. október 2018.
- Breyting vegna göngu- og hjólastígar, samþykkt í Borgarráði 6. febrúar 2020.

Innan skipulagssvæðisins eru tveir landnotkunarflokkar, ÍB17 og M7, og er hluti af svæðinu innan uppbyggingarreits 28, sem skilgreindur er fyrir nýja íbúðarbyggð, samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Gert er ráð fyrir að stofnleið strætó gangi fram hjá reitnum að suðvestanverðu.

Forsendur og markmið deiliskipulagsbreytingar:

Gerð er breyting á deiliskipulagi til þess að koma fyrir samfelldum aðgreindum göngu- og hjólastíg. Kalla þær breytingar m.a. á breytingar á lóðarmörkum og fyrirkomulagi bílastæða á lóðum Skógarhlíð 20 og 22 og Eskihlíð 24-26. Markmið breytingarinnar er m.a. að:


- fylgja eftir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins um sameiginlega uppbyggingu samgöngunnvía á höfuðborgarsvæðinu og koma fyrir samfelldum stofnstíg í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur.
- gera samfelldan aðgreindan göngu- og hjólastíg meðfram skógarhlíð á þeim kafla þar sem göngu- og hjólastígur var áður sameiginlegur með götu.
- skýra og uppfæra fyrirkomulag bílastæða við suðurenda Skógarhlíðar.

Breytingar:

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis stækkuð til norðausturs til þess að ná utan um breytingar á lóðum 14-18a m.a. vegna göngustígs milli Skógarhlíðar og Eskihlíðar og nýs göngu- og hjólastígs eftir Skógarhlíð.
- Húsnúmer við Skógarhlíð 22 leiðrétt á uppdrætti, áður Eskihlíð 28.
- Lóðarmörkum við Eskihlíð 14-16 breytt til að koma fyrir stíg í borgarlandi milli Skógarhlíðar og Eskihlíðar, samhliða fellur út kvóð um stíg innan lóðar Eskihlíðar 14-14A.
- Lóðarmörkum við Eskihlíð 18 breytt til samræmis við *Lóðaupprátt 1.704.1*, dagsettur 06.05.2021
- Lóðarmörkum við Eskihlíð 24-26, breytt til norðausturs í samræmi við gildandi mæliblað. Lóðarmörkum við Eskihlíð 24-26 og Skógarhlíð 22 breytt til norðvesturs að Skógarhlíð til þess að koma fyrir nýjum göngu- og hjólastíg.
- Bílastæðum á lóð Eskihlíðar 24-26 fækkað um 1 stæði til að koma fyrir nýjum göngu- og hjólastíg.
- Bílastæði á lóð Skógarhlíðar 22 fjarlægð til að koma fyrir nýjum göngu- og hjólastíg.
- Ný lóð undir 8 bílastæði verður til sem tilheyrir Skógarhlíð 22.
- Bílastæðalóðir austan við Skógarhlíð 20 falla út, í kjölfarið verða 19 bílastæði í borgarlandi.
- Lóð við Skógarhlíð 20 stækkar til suðvesturs og austurs, við þá breytingu verða 12 ný bílastæði innan lóðar Skógarhlíðar 20 og þarf af tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Lóð	Stærð fyrir breytingu m ²	Stærð eftir breytingu m ²	Samtals breyting á stærð lóðar m ²
Eskihlíð 14-14A	2515	2366	-149
Eskihlíð 16-16B	2942	2911	-31
Eskihlíð 18-18A	2638	2562	-76
Eskihlíð 24-26	1891	1771	-120
Skógarhlíð 22	1379	1191	-188
Skógarhlíð 22 - Bílastæðalóð	0	122	122
Skógarhlíð 20	2182	2649	467

Að öðru leyti en hér kemur fram gilda fyrri skilmálar.



Sneiðing A - A M 1:250
Sneiðing í Skógarhlíð

SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulags
- Afmörkun deiliskipulagsbreytingar
- Núverandi bygging
- Byggingarreitur
- Lóðarmörk
- Lóðarmörk falla út
- Göngustígur, leiðbeinandi lega
- Hjólastígur, leiðbeinandi lega
- Hjól í forgangi
- Gotur
- Verndun 20. aldar bygginga
- Verndun húsa með umhverfisgildi (hverfisvernd)
- P 1 Bílastæði á lóð
- PK 1 Bílastæði í kjallara
- Aftagður göngustígur / kvóð afstett
- Kvóð um almenna notkun bílastæða

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20 ____ og í _____ þann _____ 20 ____.

Tillagan var auglýst frá _____ 20 ____ með athugasemdafresti til _____ 20 ____.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 ____.

DEILISKIPULAG SKÓGARHLÍÐAR

Verkhúti: Breyting á deiliskipulagi

Teiknúmer: _____

Mælikvarði: 1:1000,1:2000,1:250,A1

Teiknað: PMR

Yfirfarið: JH

Samþykkt: _____

Verknúmer: 19081-1

Útgáfudagur: 23.11.2023

Teiknalaug: _____

Úprentað: Feb 29, 2024 - 10:05



HALLARMÚLA 4-108 REYKJAVÍK SIM: 570 5700 ark@nordica.is - www.nordicarch.com